

Öryggi barna

- Foreldrar munið að læsa alltaf útidyrum þegar þið gangið um þær.
- Vinsamlegast stöðvið alltaf bílvélina fyrir utan skólann.
- Látið alltaf vita ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða leyfa.
- Látið umsjónakennara vita ef breytingar verða á grunnupplýsingum um barnið svo sem símanúmer, heimilisfang, netfang og breyttar heimilisaðstæður.
- Starfsfólki er óheimilt að láta barn í hendur aðila sem ekki er skráður hjá skólanum eða foreldrar hafa látið starfsfólk vita að sækja þann daginn.
- Börn yngri en 12 ára hafa ekki leyfi til að sækja barnið nema í undantekningartilfellum.

Leikskólakerfið Karellen

Við notum leikskólakerfið Karellen. Það er mjög auðvelt að nota og foreldrar eru hvattir til að ná sér í smáforritið karellen, búa sér til aðgang og fylgjast með nýjustu upplýsingum frá skólanum og einnig geta foreldrar þar merkt við barnið ef það er veikt eða í leyfi, þar er hægt að sjá hvernig börnin sofa, borða og ýmislegt fleira gagnlegt. Myndir af starfsfólki má finna á heimasíðunni <http://hulduheimar.karellen.is/> Við erum með facebook síðu, **Hulduheimar Sel** notum við eingöngu til að setja inn tilkynningar. Þetta er lokaður hópur en foreldrar fá boð um að ganga í hópinn þegar barnið byrjar í skólanum.



Dagskipulag Trölladeildar

7:45 - 8:15	Börnin mæta/ frjáls leikur
8:15 – 9:00	Morgunverður/frjáls leikur
9:00 - 11:00	Hugarró – ávaxtastund - útivera
11:00 – 11:15	Samverustund
11:15 – 11:45	Hádegisverður
11:55 – 14:00	Slökun/Svefn
14:05 – 14:20	Samverustund
14:20 – 14:45	Nónhressing
14:45 – 15:15	Frjáls leikur
15:15 – 16:15	Útivera/börnin fara heim



Við leggjum áherslu á að börnin hvílist um hádegisbil og vekjum þau ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir 45 mínútna svefn.

- * **Hugarró—núvitund og hugleiðsla í leikskóla** er verkefni sem snýr bæði að starfsmönnum og börnum. Við lítum svo á að börn þurfi aukna ró í sitt daglega líf. Börn eiga að geta lifað í núinu og notið þess. Við viljum stuðla að því með því að gera dagskipulagið einfalt, skiptitímar verði sem fæstir og við lærum saman að ná ró í líkama og sál í gegnum öndunaræfingar, jóga og núvitund. Börnin verða í auknu mæli í minni hópum með sínum umsjónarkennara og vinna að því sem áhugi þeirra stendur til þann daginn í bland við verkefni sem kennarinn skipuleggur.



Velkomin í Hulduheima-Sel Trölladeild

Einkunnarorð skólans eru:

Velliðan - Við leggjum áherslu á að öllum líði vel hjá okkur. Ef manni líður vel, eykur það tækifæri manns til að blómstra og dafna.

Virgni - Við viljum efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að gera sjálf.

Velferð - Við viljum stuðla að velferð barna með því að leggja góðan grunn svo að einstaklingarnir geti notið sín í lýðræðislegu



Símanúmer í Hulduheimum - Seli 462-3034

Beinn sími á Trölladeild: 5958034

Vefsíða: www.hulduheimar.karellen.is

Netfang: snjolaug@akureyri.is

Facebook síðan: **Hulduheimar sel**

Í Hulduheimum er þáttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þáttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í skólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Með þáttökuaðlögun er líklegt að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum yfir á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það nám og starf sem fram fer í skólanum. Þeir kynnast kennurum öðrum börnum, foreldrum og starfinu í skólanum.

Skipulag aðlögunar 2022

Dagur 1: Foreldri og barn mæta kl. 9.00 og dvelja með barninu til 11.00.

Dagur 2: Foreldri og barn mæta kl. 8.00—12.00.

Dagur 3: Foreldri og barn mæta kl. 8.00—14.00. Foreldrafræðsla í hádeginu.

Dagur 4: Börnin koma að morgni og kveðja foreldra sína.

Æskilegt er að foreldrar sækji börnin í fyrra lagi fyrstu dagana.

Ef foreldrar þurfa að nota síma þá er hægt að fara á kaffistofu eða út til að hringja.

Útbúnaður barnsins

- Mikilvægt er að barnið hafi tiltækan þann fatnað sem hentar veðri og vindum hverju sinni.
- Í körfu barnsins í fataherbergi þarf að vera þykk peysa, hlý húfa, buff, þykkir og þunnir vettlingar, pollavetlingar, ullarsokkar og stígvél/kuldaskór.
- Regngalli og snjógalli eftir því sem við á.
- Mikilvægt er að barnið hafi nægan fatnað til skiptanna þar sem við þurrkum ekki fót í skólanum. Við lánnum svokallaða bolapoka undir blautan fatnað sem er tekin með heim daglega.
- Aukafatnaður þarf að vera til staðar í skólanum í hólf í snyrtingu: Nærbuxur, nærskyrtur, sokkar, sokkabuxur, buxur, bolir og peysur.
- Allur fatnaður þarf að vera vel merktur, erfitt er að auglýsa eftir ómerktum fatnaði. Þegar fatnaður hefur legið um tíma í óskilagrindinni förum við með hann í Rauða krossinn.
- Börnin koma með að heiman: Kodda, teppi, snuð, bangsa eða annað sem tilheyrir hvíld barnsins. Gott er að teppi og koddur séu í hæfilegri stærð, of stór teppi taka mikið pláss í geymslu. Lágmarkshvíldartími fyrir yngstu börnin eru 45 mínútur.
- Ef börnin sofa í vagni þarf að koma með vagninn daglega því það er ekki aðstaða til að geyma vagna inni.
- Foreldrum býðst að borga í bleyjusjóð en þá kaupir skólinn bleyjurnar fyrir barnið. Boðið er upp á umhverfisvænar bleyjur sem heita Bamboo. Þetta sparar okkur mikið geymslupláss og foreldrunum ómakið að þurfa að passa upp á að til séu bleyjur í skólanum. Skólinn leggur til eina tegund af blautþurrkum.



Skólareglur

- Það er mikilvægt að börnin séu komin tímanlega ef þau eiga að borða morgunmat en hann hefst 8.15 og lýkur 8.50. Skipulagt starf hefst kl. 9.00
- Við tökum ekki á móti börnum á milli 11.15 og 13.00 en þá erum við að borða og í slökunarstundum.
- Allur blautur fatnaður fer heim í lok dags. Það sem er þurr má hanga í hólfinu eða vera í körfu barnsins en hólfíð er tæmt á föstudögum.
- Barn sem er að veikjast á ekki að koma í skólann því þá er smithætta mest. Það er ekki boðið upp á inniveru eftir veikindi en sjálfsagt að barnið fari síðast út og fyrst inn.
- Lyf eru ekki gefin í skólanum nema gegn framvísun læknisvottorðs. Hafi börn mataróþol eða ofnæmi þarf vottorð frá lækni því til staðfestingar.
- Boðskortum í afmæli er ekki dreift í skólanum.

